

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

2. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, föstudaginn 10. ágúst 2007 kl. 13.10

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir og Dagur B. Eggertsson. Kópavogur: Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson. Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Arinbjörn Vilhjálmsson. Seltjarnarnes: Ólafur Egilsson og Stefán Bergmann. Álftanes: Kristinn Guðlaugsson. Kjós: Sigurbjörn Hjaltason. Skipulagsstofnun: Stefán Thors.

Auk þess sátu fundinn: Birgir H. Sigurðsson og Haraldur Sigurðsson Reykjavík, Smári Smáráson Kópavogi og Guðmundur Malmquist SSH sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður Svæðisskipulagsráðs SSH setti fund og stjórnaði honum.

1. Lögð var fram fundargerð 1. fundar frá 10. júlí sl. sem var samþykkt.
2. Kosning formanns, varaformanns, ritara og þriggja fulltrúa með þeim í framkvæmdanefnd.
Kjörin voru: Formaður Hanna Birna Kristjánsdóttir, varaformaður Gísli Ó. Valdimarsson, ritari Stefán Snær Konráðsson. Fulltrúar í framkvæmdanefnd voru kjörnir Dagur B. Eggertsson, Einar K. Jónsson og Haraldur Sverrisson
3. Starfsreglur fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu.
Formaður gerði ítarlega grein fyrir starfsreglunum og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á þeim frá síðasta fundi. Þannig breyttar voru reglurnar samþykktar og framkvæmdastjóra SSH falið að senda þær til Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar til afgreiðslu og birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Breyting á svæðisskipulagi vegna Glæðheimalóðar, Kópavogi.
Formaður greindi frá að nú hafi borist ítarlegri gögn frá Kópavogi vegna óskar um meiriháttar breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Hún gaf síðan fulltrúum Kópavogs orðið. Smári Smáráson gerði síðan grein fyrir nýju gögnunum sem bæði var búið að senda fulltrúum í pósti og rafrænt fyrir fundinn. Fram kom í umræðum að menn vildu fá tækifæri til að rýna betur í umferðarspár o.fl. áður en tillagan yrði tekin til afgreiðslu og var það samþykkt.
5. Næsti fundur.
Ákveðið var að halda næsta fund föstudaginn, 24. ágúst 2007 kl. 13.00 í Borgartúni 3, Reykjavík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.13.50